



1. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026
haldinn þriðjudaginn 3. júní 2025
haldinn í Veröld kl. 11:45

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmaðóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Andri M. Kristjánsson.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson, boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. maí 2025.
2. Stjórn skipti með sér verkum. Ýmis nefndarstörf.
3. Ákveða tímasetningu stjórnarfunda.
4. Staðan á HERU.
5. Aðalfundur Fh 2025, málum vísað til stjórnar.
 - i. Breyting á stöðu formanns, launað starfshlutfall.
 - ii. Könnun á sameiningu akademískra starfsmanna í eitt stéttarfélag.
 - iv. Stjórn félagsins fylgi eftir skýrslu nefndar um fyrirkomulag greiðslna vegna kennslu, samræming milli sviða/deilda.
6. Fundur Fh, FÍN, FHA og FPR vegna stöðu á jöfnunar launa, dags. 20. maí 2025
7. Starfsárið 2025 – 2026, verkefni framundan og stefnumótun.

Önnur mál.

1. Fundargerð, 7. maí 2025

Fundargerðin var samþykkt.

2. Stjórn skipti með sér verkum og nefndarstörf.

Ákveðið var:

Ármann Höskuldsson, varaformaður.

Íris Davíðsdóttir, ritari.

Íris Hrönn Guðjónsdóttir, gjaldkeri.

Formaður kanni reglur um breytingar á fulltrúum félaganna Fh, FPR og FHA í matskerfisnefnd opinberra háskóla, áður en ákvörðun verður tekin um fulltrúi félagsins í nefndinni á starfsárinu.

Rætt var um fulltrúa félagsins í Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara (SFH). Ákveðið var að fresta til næsta fundar.

3. Ákveða tímasetningu stjórnarfundar

Ákveðið var að stjórnarfundir á starfsárinu verði haldnir í hádegi, fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði. Framkvæmdastjóra falið að boða fundina.

Ákveðið var að næsti stjórnarfundur verði haldinn 14. ágúst nk., vegna sumarleyfa.

4. Staðan á HERU

Baldvin sagði frá stöðu málsins. Fundir hafa verið haldnir vegna málsins og niðurstaða síðasta fundar var sú að beðið var eftir útreikningi frá aðilum ytra.

Staða verkefnsins er hins vegar nokkuð óljós eftir tölvupóst frá formanni samráðsnefndar dags. 28. maí, þar sem gefið er í skyn að vinnu við verkefnið frestist fram á haust 2025. Málið rætt og stjórn sammála um að mikil vonbrigði eru á nýjustu vendingum í málinu. Rætt um að mikilvægt er að halda dagsetningu á lofti er fram kemur í bókun með stofnanasamningi vegna nýs kjarasamnings, dags. 16. september 2024. Þar segir í 4. málsgrein: „*Tillögur um tengingu nýrra heildarstiga skv. nýju kerfi og launaröðunar skv. stofnanasamningi félagsins og HÍ, skal lokið fyrir 15. febrúar 2025 og gilda frá sama mánuði og ný launatafla tekur gildi 1. apríl 2025, enda mun þá vera ljóst hvernig stada á að fjármögnunbreytinganna.*“

Baldvin falið að fá betri upplýsingar um stöðu málsins og framhald vinnunnar af hálfu HÍ. Ákveðið var einnig að senda erindi á fulltrúa HÍ sem hafa með málið að gera, þar sem óskað er m.a. eftir að HÍ upplýsi félagsfólk um stöðuna á málinu fyrir sumarfrí, ásamt því að ítreka enn og aftur þær dagsetningar sem fram koma í bókun í stofnanasamningi og mikilvægi þess að þær verði virtar.

5. Aðalfundur Félags háskólakennara 2025

Á aðalfundi félagsins í maí síðastliðinn var eftirfarandi málum vísað til stjórnar.

- i. Staða formanns félagsins verði skoðuð með tilliti til þess hvort hún ætti að verða launuð og bundið við starfshlutfall. Eftir umræður um málið var því frestað til næsta fundar.
- ii. Sameining alls akademíks starfsfólks í eitt stéttarfélag. Málið rætt. Rætt var um að gera könnun um málið á meðal félagsfólks. Ákveðið að halda vinnufund stjórnar um málið í haust þar sem næstu skref verði ákveðin.
- iii. Fyrirkomulag greiðslna vegna kennslu. Málið rætt. Ákveðið var að formaður fái betri upplýsingar um stöðu málsins innan HÍ og ræði einnig við formann FPR í því sambandi.

6. Jöfnun laun, fundur Fh, FHA, FÍN og FP dags. 20. maí 2025

Baldvin sagði frá fundinum. Félögin ræddu m.a. mögulega samvinnu á ráðstöfun á 0,1% framlagsins, hvaða verkefni væru brýnust og annað fyrirkomulag. Næsti fundur ákveðinn þann 13. Júní nk.

7. Starfsárið 2025 – 2026 og verkefni framundan

Málið rætt og stjórn sammála um að eftirtalin mál væru brýnust á komandi starfsári:

- Bókanir með stofnanasamningi.
- Sameiningar háskóla.
- Vinnu við 7. greinina og nýtingu 0,1% framlagsins.

Ákveðið var að á næsta stjórnarfundinum verði tillaga að dagsetningu að vinnudegi stjórnar þar sem þessi mál verði m.a. til umfjöllunar, sjá einnig lið 5.ii.

Önnur mál.

- Baldvin sagði frá námskeiði um virðistmat starfa sem Jafnlaunastofa stóð að. Félag háskólakennara átti þrjá fulltrúa á námskeiðinu.

Fundi lauk kl. 13:15. Næsti fundur ákveðinn 14. ágúst 2025.